

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Deiliskipulag fyrir stofnana- og athafnasvæði við Súluveg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 12. apríl 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir stofnana- og athafnasvæði við Súluveg samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er afmörkun lóðar fyrir dýraspítala, skilgreining á uppbyggingarheimildum og afmörkun á nærliggjandi athafnalóðum ásamt því að setja fram skilmála um uppbyggingu og umgengni á svæðinu og bæta almennt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 40.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut, Súluveg og Þingvallastræti, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 12. apríl 2022 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut, Súluveg og Þingvallastræti, Akureyri.

Viðfangsefni tillögunnar er nýr göngustígur meðfram Súluvegi og Miðhúsabraut.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. júlí 2022,

María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.